



## Skýrsla sveitarstjóra

Lögð fram á 96. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, fimmtudaginn 16. sept., 2021.

- **Covid19 - Staðan í dag...**

Nú er verið að rýmka *aftur*, viðmiðanir um samkomutakmarkanir, eftir að 4 bylgjan virðist vera á niðurléið, og daglegt líf okkar að komast nær því sem það var áður. Þetta er þó ekki búið fyrr en það er búið, og áfram þarf að gæta að sóttvörnum og umgengni allri, er varðar t.d. fundi, félagslíf, menningarviðburði og ýmiskonar rekstur. *Það er þó vonandi útlit fyrir að lífið muni fljótt fara í fyrra horf, án mikilla takmarkanna.*

- **Fjárhagsáætlanavinna fyrir árið 2022.**

Er þegar hafin, og búið að fara yfir þær forsendur sem fyrir liggja, og skipuleggja framhaldið næstu vikur og mánuði, sem verður með nokkuð hefðbundnum hætti. Boðað hefur verið til Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, dagana 7. – 8. október n.k., en þar mun einnig verða farið yfir stöður í fjármálum sveitarfélaga nú og á næstu árum. *Mikilvægt er að sveitarstjórn komi með sínar áherslur á forgangsröðun verkefna, sem mögulega verður hægt að fara í, miðað við stöðuna, eða a.m.k. undirbúa á næsta ári.*

- **Öldungaráð – Félag eldri borgara ofl.p.h.**

Öldungaráð hefur ekki komið saman, um nokkurt skeið aðallega vegna ástandsins, en mun koma saman væntanlega fyrir lok september, með einni breytingu á skipan. Eitt af því sem þarf að huga að í fjárhagsáætlun og á næstu árum að mæta þörf á dagvistun, í samstarfi við HSN, en ljóst er að því starfi mun fylgja aukinn kostnaður. *Þá hefur Félag eldri borgara falast eftir að fá að nota aðstöðu í fyrrum bæjarskrifstofu og leikskóladeild, við Félagsheimilið, fyrir sína starfsemi, þ.e. fundi og annað starf.*

- **Heimþjónusta – heimahjúkrun – akstursþjónusta ofl.p.h.**

Boðað hefur verið til fundar með stjórnanda HSN á Blönduósi, um verkaskiptingu á milli félagsþjónustu sveitarfélagsins (heimþjónustu) og heilbrigðisþjónustu HSN í formi heimahjúkrunar, meðal annars eftir að aukinn þungi hefur færst í þessi mál. Fundurinn verður á mánudaginn 20/09., hjá Félags- og skólaþjónustunni. Einnig er verið að vinna að viðmiðunarreglum vegna aksturs fyrir bæði fatlaða og aldraða.

- **Kynning frá HMS – Stofnframlög til íbúðabygginga gætu tafist.**

Föstudaginn 10 september s.l. var haldinn kynningarfundur á vegum HMS og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hugmyndir um breytingar á utanumhaldi stofnframlaga til bygginga íbúða, þar sem það yrði í sérstakri sjálfseignastofnun á vegum HMS og þeirra sveitarfélaga sem eru með slík félög, og/eða vilja leggja inn íbúðir til félagsins. Málið mun skýrast á næstu vikum og mánuðum, en hefur sett þau áform sem samþykkt hafa verið hjá Blönduósbæ, í ákveðna óvissu um framhaldið.

- **Gagnaver**

Nú er hafnar framkvæmdir við stækkun á Gagnaveri ETIX við Blönduós, og er verið að grafa fyrir 1 – 2 nýjum húsum sem eru stærri en þau hús sem nú eru til staðar. Áformað að byggja eitt hús á þessu ári og mögulega annan eins hús á árinu 2022. Framhaldið ræðst síðan meðal annars á því hvernig gengur með aukin viðskipti og



hvað mikil orka verður í boði á hverjum tíma til aukningar á starfseminni. *Fyrirspurnir hafa borist um aðstöðu og aðgang að rafmagni frá öðrum aðilum til okkar og SSNV.*

- **Landsnet – fundir um stöður mála**

Sveitarstjóri, ásamt framkvæmdastjóra SSNV og nýjum verkefnisstjóra fjárfestinga, sat upplýsingafund með 2 fulltrúum Landsnets síðastliðinn föstudag 10/09., til þess að geta svarað fyrirspurn aðila sem barst til SSNV, um mögulega uppbyggingu á okkar svæði. Fyrirspurnin kom í gegnum Íslandsstofu, og var frá „ábyrgum“ aðila. Ekki var hægt að verði við beiðninni þar sem Landsnet hafði með viljayfirlýsingu samþykkt að ETIX fengi þá orku sem mögulegt væri að fá út úr núverandi tengingum. *Forstjóri, stjórn og helstu stjórnendur Landsnets munu hitta fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu á fundi á Sauðárkróki, fimmtudaginn 30.september, og fara yfir stöðu mála.*

- **Skipulags og byggingafulltrúi Blönduósbæjar – möguleikar í stöðu**

Eins og fram hefur komið þá hefur Þorgils Magnússon sagt starfi sínu lausu frá og með næstu áramótum, en þá mun hann hafa sinnt starfinu í 5 ár hjá sveitarfélaginu. *Farið verður yfir alla möguleika í stöðunni á fundinum, og næstu skref til lausnar.*

- **Möguleg sameining sveitarfélaga á svæði A-Hún. – til umræðu...**

- **Önnur mál.....**

Blönduósi 16. sept., 2021.  
**Valdimar O Hermannsson**  
Sveitarstjóri Blönduósbæjar